

um frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49/1956.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar. Að meginefni til miðaði frumvarpið að því, að í stað heimildarákvæðis yrði það fastmælum bundið, að úr íþróttasjóði skyldi greiða ákveðna hundraðstölu af stofnkostnaði íþróttamannvirkis og þær greiðslur yrðu ekki tilviljunum háðar, en í samræmi við samþykktu mannvirkjagerð hverju sinni.

Nefndin er sammála um þetta meginmarkmið, en leggur til, að í framkvæmd sé tekin upp sú regla, sem gildir um skólakostnað, þar sem kveðið er á um, að ekki megi hefja framkvæmdir, fyrir en fyrir liggja samþykki viðkomandi stjórnvalda og fé hafi verið veitt á fjárlögum til viðkomandi íþróttamannvirkis.

Þá er jafnframt gerð tillaga um, að hlutur ríkissjóðs (íþróttasjóðs) sé ákveðinn 25—40 af hundraði stofnkostnaðar, en þær viðmiðunartölur hafa verið notaðar í styrkveitingum íþróttasjóðs í reynd. Er með því verið að binda fastmælum það, sem tíðkæpt hefur í framkvæmd.

Varðandi kostnaðaráætlun, annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal að öðru leyti fylgt ákvæðum í skólakostnaðarlögum og um þau atriði samdar reglugerðir. Er þar jafnframt átt við, að með reglugerðum séu ákveðin norm íþróttamannvirkja skv. þeim reglum, sem gilt hafa.

Í frumvarpinu var lagt til í bráðabirgðaákvæði, að gerð skuli áætlun um vangreiddan bókfærðan stofnkostnað íþróttamannvirkja hjá íþróttasjóði, sem nú mun nema milli 70 og 80 millj. kr.

Nefndinni er ljóst, að brýnt er, að gengið sé frá þessum skuldahala með einhverri slíkri áætlun, en í trausti þess, að á næstunni verði teknir upp samningar af hálfu íþróttasjóðs eða fjármálaráðuneytis við viðkomandi aðila um vangreiddar bókfærðar skuldir sjóðsins, varð það ofan á í nefndinni að leggja til, að bráðabirgðaákvæðið falli niður úr frumvarpinu.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

9. gr. laganna orðist svo:

Styrkur íþróttasjóðs til íþróttamannvirkja skal nema 25—40 af hundraði áætlaðs stofnkostnaðar íþróttamannvirkis. Eigi má hefja framkvæmdir, fyrir en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki íþróttanefndar og menntamálaráðuneytis. Um kostnaðaráætlun og annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal, svo sem við á, fylgt ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Skýlt er íþróttanefnd að láta aðilum, sem um styrki sækja, ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er orðist svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Setja skal reglugerð, að fengnum tillögum íþróttanefndar, um þau atriði, sem um getur í 9. gr., svo og um viðmiðunartölur styrkveitinga til einstakra tegunda íþróttamannvirkja.

Setja skal reglur um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun, og skulu þær reglur staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því sem við verður komið, en eigi má nota þau til þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþróttar.

3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Bjarni Guðnason,
form.

Gunnar Gíslason.

Svava Jakobsdóttir,
fundaskr.

Benedikt Gröndal.

Ingvar Gíslason.

Ellert B. Schram,
frsm.

Eysteinn Jónsson.